



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
6. fundur 2015 (52. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 28.08.2015 kl. 10:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Thoroddsen	skipulagsnefnd
Einar Jón Pálsson	"
Steinþór Einarsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

1. Kynning á drögum að aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar

Drög að aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar voru auglýst nýlega og er frestur til að gera athugasemdir við drögin til 21. september 2015. Drögin voru auglýst í Fréttablaðinu og Víkurfréttum og auk þess send um 30 umsagnar- og hagsmunaaðilum.

Rætt var um breytta aðkomu að Flugstöðinni samkvæmt skipulagstillögunni og nauðsyn á að fram fari umferðaröryggismat á tillögunni í samræmi við reglugerð nr. 866/2011 um öryggisstjórnun vegamannvirkja. Í því sambandi var einnig rætt um hvar skilgreina ætti enda þjóðvegur við Flugstöðina, en þar getur fleiri en einn staður komið til greina.

2. Skipulagsreglur fyrir Keflavíkurflugvöll

Innanríkisráðuneytið hafði falið skipulagsnefndinni f.h. ráðuneytisins að auglýsa í samræmi við loftferðalög skipulagsreglur þær sem samþykktar voru í skipulagsnefndinni fyrir allnokkru síðan.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna að skipulagsreglum rann út þann 24. ágúst 2015 og bárust athugasemdir frá Svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja.

Innanríkisráðuneytið mun síðan fjalla um athugasemdirnar og afgreiða skipulagsreglurnar í samræmi við loftferðalög.

3. Blikavöllur 5 - deiliskipulag

Lögð var fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Blikavallar 5. Breytingin felst í stækkun byggingarreita úr 2.677 m² í 2.989 m² og aukingu nýtingarhlutfalls úr 0,26 í 0,30.



Skipulagsnefndin samþykkti að fram fari grenndarkynning sem nái til eftirtalinna hagsmunaaðila:

- Arnarvöllur 4: Vesturvör 34 ehf, Bílaleiga Reykjavíkur ehf, Bílaleigan Geysir.
- Arnarvöllur 6: Skeljungur hf.
- Blikavöllur 3: H.G.G.-Fasteign ehf.

4. Viðbygging við Flugstöð Leifs Eiríkssonar - Deiliskipulag vörumóttaka við Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Vísað er til fundargerðar 51. fundar skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar þar sem samþykkt var að fram færi grenndarkynning vegna viðbyggingar við Flugstöðina.

Breyting á deiliskipulagi felur í sér:

- Stækkun á svæði F, þar sem hluti svæða A og B eru felld inn í svæði F
- Stækkun byggingarreits flugstöðvar
- Afmörkun á athafnasvæði fyrir vörumóttöku
- Aðkomum að lóð er fækkað

Grenndarkynningin hefur farið fram og hafa allir hagsmunaaðilar samþykkt breytinguna.

Skipulagsnefndin samþykkti breytinguna eins og hún var kynnt.

5. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður föstudaginn 25.09.2015, kl. 13:30 í FLE. Athugið breyttan fundartíma innan dags.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx